

Ed.

108. Nefndarátt

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg tel, að rjettara væri að bæta úr vandkvæðum þeim, sem nú eru á sveitarstjórnarmálum Norðfjarðar, með því að heimila, að þar og annarsstaðar, er líkt stendur á, verði sameinuð í höndum eins manns störf hreppstjóra, oddvita, fógetastörf og innheimtustörf sýslumanns, og leggi ríkissjóður til nokkurn hluta launanna og hreppsíjlagið nokkurn. Fyrir ríkissjóð ætti þetta ekki að verða tilfinnanlegur útgjaldaauki, því að nokkuð sparast á móti af skrifstofukostnaði hlutaðeigandi sýslumanns, og fyrir hreppsíjlagið og sýslufjelagið mun þetta í mörgum tilfellum reynast ódýrari og hentugri úrlausn en að kljúfa kaup-túnið úr sýslunni og gera að sjerstöku umdæmi. Tel jeg, að slík úrlausn mundi einnig nægja fyrir Norðfjörð fyrst um sinn, og legg því til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þingdeildin skorar á ríkisstjórnina að undirbúa lög um heimild til tilbrigða frá sveitarstjórnarlögunum í fjölmennustu kauptúnum, svo að hreppstjórn, oddvitastörf og innheimtur ríkissjóðs megi sameina í höndum eins manns, og í trausti þess, að þeim undirbúningi verði lokið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. febr. 1928.

Jón Þorláksson.